

Mætt voru: Jón Ragnar Gunnarsson, Jón Garðar Steingrímsson, Gunnar Jónsson og Rósa Margrét Grétarsdóttir. Jón Ragnar setti fundinn kl 11:00.

Byrjað var á því að fara yfir póst sem borist hafði í desember. Fjöldmörg jólakort bárust sambandinu, bæði rafræn sem og póstsend.

### **1. Horft um öxl**

Rætt var lítillega um liðið ár, hvað var gott og hvað mátti betur fara. Stjórn TKÍ hefur gengið einstaklega vel að vinna saman, fundir haldir að meðaltali einu sinni í mánuði og þeir vel sóttir. Unnið hefur verið að skipulagsmálum, fjárhagsmálum og öðru. TKÍ hefur komið á góðum tengslum við formann og ritara ETU. TKÍ hefur komið á góðum tengslum við Master Stig Uve Ness, sem er formaður Bardagaíþróttasambands Noregs/Budo Nord.

TKÍ fékk greitt úr Reform fund WTF, búið að greiða fyrstu greiðsluna út úr sjóðinum til TKÍ en eldri skuld stjórnar TKÍ var dregin frá styrknum og nú er TKÍ skuldlaust fyrir öllum ETU/WTF. Í fjárhagsmálum stendur TKÍ betur nú en áður, tekist hefur að snúa blaðinu við. Stefna TKÍ er að eyða aldrei um efni fram og setja aldrei heildarinnæign TKÍ í eitt verkefni á hverjum tíma.

Umgerð Íslandsmeistaramótsins heppnaðist mjög vel, rennsli var mjög gott og skráning heppnaðist mjög vel. Master Stig Uve Ness afhenti TKÍ keppnisskipulagsforrit (bæði fyrir Sparring og Poomse). TKÍ er mjög þakklátt fyrir samstarf Masters Stig Uve Ness og vonar að það sé einungis upphafið af ánægjulegu framtíðarsamstarfi.

Helgi Þór Leifsson þýddi og staðfærði keppnisreglur WTF og eftirlét TKÍ heimild til að breyta þeim að eigin ósk. TKÍ hefur einnig fengið Norsku keppnisreglurnar og telur að þær hæfi íslenskum aðstæðum betur en WTF reglurnar. TKÍ ætlar því að byggja norsku keppnisreglurnar á þeim grunni sem Helgi Þór gerði. TKÍ er afar þakklátt Helga Þóri.

Fyrsta og annað bikarmót starfsársins féll niður vegna áhugaleysis aðildarfélaga á mótahaldi. Mótaröðin er í hættu, eina aðildarfélagið sem sótt hefur um að halda bikarmót eru Bjarkirnar. Annað kastar einnig skugga á starf TKÍ en það er sú ósamstaða sem vissir einstaklingar hafa sýnt TKÍ á árinu.

## **2. Formannafundur ÍSÍ**

Alþingi ákvað aukafjárveitingu til íþróttahreyfingarinnar. Þarfagreining var send til starfshóps á vegum Alþingis. Vegna þess hversu lítið TKÍ er með í fastan kostnað fær TKÍ einungis styrk mældan í tugum þúsunda. Ef TKÍ væri með einstakling í föstu starfi, kæmi sá möguleiki upp að TKÍ fengi hærri styrk. Einnig er til útbreiðslustyrkur sem TKÍ getur sótt í vegna t.d. vegna Íslandsmóts þar sem Master Stig kæmi og héldi þjálfaranámskeið. Útbreiðslustyrkurinn sem TKÍ á rétt á vegna ársins 2006 er áætlaður ríflega 700.000kr. skv. formannafundi ÍSÍ þ.e. ef umsóknir TKÍ eru samþykktar hverju sinni.

## **3. Ólympíufjölskyldan – Einstaklingsstyrkir**

Björn Þ. Þorleifsson fékk B-styrk áfram, A-mót ETU eru á netinu og TKÍ vill sjá að einstaklingar keppi á A-mótum, TKÍ mun líta sérstaklega til árangurs á þeim mótum. Einnig var sótt um fyrir Auði Önnu Jónsdóttur og Sigrúnu Nönnu Karlsdóttur en styrkur fyrir þær fékkst ekki.

## **4. Ólympíufjölskyldan – Hópstyrkir**

Sótt var um styrk fyrir landslið TKÍ (bæði í sparring og poomse) og unglíngalandlið TKÍ en einungis fékk unglíngalandsliðið styrk að upphæð 200.000 kr.

## **5. Bikarmót**

Bikarmót verður ekki haldið í febrúar vegna þess að ekkert aðildarfélag sótt um mótahaldið þá.

## 6. NM

Mótið verður haldið í Árósum. Keppendur eru tólf en þrír keppendur hafa hætt við þátttöku á NM: Magnea Kristín Ómarsdóttir, Magnús Benediktsson og Sigrún Nanna Karlsdóttir. Sigrún Nanna hafði þó látið TKÍ vita af því að hún gæti ekki svarað TKÍ hvort hún gæti keppt fyrir en í janúar. TKÍ lítur það illum augum að keppendur séu að hætta keppnisþátttöku eftir að lokaskráning á mót er lokið. Einnig vill TKÍ koma því að styrkur úr Ólympíufjölskyldunni fer að miklu leyti eftir árangri á NM.

Búið er að panta stuttermaboli á landsliðið og galla á þá sem vantaði. Mismunandi hefur verið hvaða keppendur hafa keppt á mótum fyrir TKÍ, og því var ákveðið að þátttakendur á NM gætu keypt keppnisfötin ef TKÍ eða fengið þau lánuð frá TKÍ. Þeir sem fá fötin lánuð frá TKÍ þurfa auðvitað að fara mjög vel með þau. Fötunum skal skilað eftir NM. Ákveðið var að TKÍ leigði tvær bifreiðar (9. manna) í þrjá daga. Þægindin eru ótvíræð og kostnaður er svipaður og ef lest væri tekin. TKÍ hefur fengið hótélherbergi á SAS-hóteli og telur að það sé mjög gott, stutt í ódýra matsölustaði. Jón Ragnar og Rósa Margrét hafa bæði afsalað sér rétti til dagpeninga í ferðinni.

## 7. Íslandsmótið 2006

Íslandsmótið verður haldið í 24. og 25. mars 2006. Von er um það Master Stig Uve Ness komi til landsins og haldi dómaramámskeið fyrir Íslandsmótið. Ef Master Stig Uve Ness hefur áhuga á því að skoða land og þjóð eftir Íslandsmótið mun TKÍ greiða hótélkostnað undir hann.

## 8. Ársþingið

Ársþing verður haldið samkvæmt lögum og er áætlað í apríl 2006. Þingið verður haldið í nánú samkomulagi við gjaldkera TKÍ, þar sem hún mun vera erlendis. Merki TKÍ þarf að breyta á ársþingi, setja inn reglur um félagaskipti í lög TKÍ sem og aðrar breytingar á lögum ef einhverjar verða. Jón Ragnar lagði til að skipað verði í eftirfarandi fastanefndir: Dómaranefnd/mótanefnd og landsliðsnefnd, verður þessi fastanefndarskipan kynnt á formannafundi sem áætlaður er í febrúar. Dómaranefndin/mótanefndin verður þriggja manna nefnd sem mun sjá um yfirdómgæslu á mótum, dómaraútnefningar og innri

skipulagningu mótahalds. Hlutverk landsliðsnefndar er að sjá um skráningu og allt skipulag móta sem landsliðið fer á, hlúa að heildar hagsmunum landsliðs Íslands í Taekwondo í samstarfi við TKÍ.

TKÍ er að leita lausna í landsliðsþjálfaramálum fullorðinna vegna sparring og horfir til Norðurlandanna í þeim málum.

Mikil viðbrögð hafa orðið við því að Master Park (sem er ráðgjafi TKÍ og þjálfari Björns P. Þorleifssonar) skuli fara sem landsliðsþjálfari á NM en auglýst hafði þó verið eftir aukþjálfara fyrir fullorðinslandsliðið í sparring en engar umsóknir bárust.

## **9. Félagaskipti**

Eftirfarandi félagaskipti hafa borist:

- Magnús Örn Úlfarsson úr ÍR yfir í Fram, barst 4. ágúst 2005 og tók gildi 4. nóvember 2005.
- Sigrún Nanna Karlsdóttir úr ÍR yfir í Fram, barst 4. ágúst 2005 og tók gildi 4. nóvember 2005.
- Haraldur Björn Sigurðsson úr ÍR yfir í Íþróttafélag Stúdenta, barst 2. september 2005 og tók gildi sama dag.
- Sigurður Andrean Sigurgeirsson úr Ármann í Björk, barst 25. nóvember 2005 og tók gildi sama dag.
- Adrian Freyr Rodriquez úr Ármann í Björk, barst 25. nóvember 2005 og tók gildi sama dag.
- Haukur Daði Guðmundsson úr Ármann í Björk, barst 25. nóvember 2005 og tekur gildi 25. febrúar 2006.
- Auður Anna Jónsdóttir úr Ármann í Björk, barst 25. nóvember 2005 og tekur gildi 25. febrúar 2006.
- Margrét Edda Jónsdóttir úr Ármann í Björk, barst 25. nóvember 2005 og tekur gildi 25. febrúar 2006.

## 10. Önnur mál

- Farið var yfir þá umræðu sem farið hefur fram á umræðuvef TKÍ.
- Gunnar kynnti hugleiðingu um Taekwondo sem hann hyggst birta fyrir hönd TKÍ á vefsíðu TKÍ.
- TKÍ mun kalla til fyrsta varamanns á næsta fund þar sem gjaldkeri TKÍ mun vera erlendis næstu misseri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13:55.